



# SKJÁLFTINN

- hæfileikakeppni grunnskólanna á Sudurlandi

SKÝRSLA OG UPPGJÖR  
SKJÁLFTANS 2023



# FORSAGAN

Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmenna á Suðurlandi byggð á Skrekk sem er hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Skrekkur hefur verið haldinn í 33 ár og hefur sannarlega fest sig í sessi sem einn af stærstu viðburðum Reykjavíkur á sviði barnamenningar. Kannanir og rannsóknir sem gerðar hafa verið á Skrekk hafa sýnt fram á mikinn ávinning ungmenna á þátttöku í Skrekk, bæði fyrir þau persónulega og félagslega sem og jákvæð áhrif á skólabrag. Tengill á rannsókn er neðst í þessu skjali.



Skjálftinn er alfarið byggður á hugmyndafræði Skrekks, þar sem áherslan er á að nemendurnir sjálfir fari í gegnum ferlið við að fá hugmynd, útfæra hana, æfa og setja á svið með því að sinna öllum þeim hlutverkum sem þarf til að svoleiðis ferli gangi upp. Leiðbeinendur eru vissulega til staðar en þeirra hlutverk er alls ekki að móta hugmyndir ungmennanna heldur fyrst og fremst að hvetja þau áfram í sköpunarferlinu og vera til staðar ef félagslegir árekstrar koma upp. Markmiðið er að þau upplifi langvinnt skapandi ferli í samvinnu við aðra.





Skjálftinn var haldinn í fyrsta sinn **2021** og var þá í boði fyrir grunnskóla í Árnessýslu. Það árið var hann undir áhrifum covid og fengu þátttakendur ekki að hittast og ekki að flytja atriðin sín fyrir fólk, heldur komu þau í íþróttahúsið í Þorlákshöfn þar sem búið var að gera "black box" með ljósum og því hljóðkerfi sem þurfti. RÚV tók upp atriðin og sýndi, dómarmar gáfu stig út frá upptökum og Salka Sól, fyrir hönd dómnefndar mætti óvænt í sigurskólann með verðlaunagripinn.



Skjálftinn **2022** var 100% mislukkaður. Þá vantaði fjármagn og covid var enn að stríða okkur svo niðurstaðan var að vera með myndbandaútgáfu af Skjálftanum. Sú Skjálftaútgáfa virkaði ekki, margir skólar féllu úr leik og ánægja nemenda og leiðbeinanda var ekki mikil.

Þá komum við til ársins **2023** þar sem loksins var hægt að halda Skjálftann eins og hann á að vera. Nemendur hittu hvort annað og komu fram með stemninguna í hámarki í fullbúnu "leikhúsi" í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn fyrir framan um það bil fimmhundrað gesti.

Allir skólar á Suðurlandi fengu boð um þátttöku en niðurstaðan var að sjö skólar komu með tilbúið atriði.

# SKJÁLFTINN 2023



Það var í janúar 2023 sem það lá fyrir að Skjálftinn væri fullfjármagnaður og hægt að tilkynna að hann yrði haldinn í öllu sínu veldi 2023. Þá hafði verkefnið fengið þrjá styrki frá SASS, tvo úr uppbyggingasjóði og fjármagn sem fylgdi því að vera áhersluverkefni, samtals 8 milljónir. Sveitarfélagið Ölfus styrkti Skjálftann 2022 um 500.000 kr. en sá styrkur var fallinn úr gildi, en enginn kostnaður var það árið fyrir utan vinnu verkefnastjóra sem hún gaf í ljósi þess að það náði ekki því flugi sem stefnt var að. Ölfus styrkti Skjálftann 2023 með leigulausu íþróttahúsi að andvirði rúmlega 600.000 kr.

Verkefnastjóri hafði samband við alla skólastjórnendur í grunnskólum á Suðurlandi, allt frá Þorlákshöfn til Hafnar í Hornafirði að Vestmannaeyjum meðtöldum til þess að kynna verkefnið og kanna áhuga á þátttöku vorið 2023. Það reyndist of seint að koma Skjálftanum af stað fyrir suma skólana á þeirri önn svo tekin var ákvörðun um að hafa Skjálftann haustið 2023. Í apríl 2023 voru 11 skólar búnir að staðfesta þátttöku og nokkrir til viðbótar voru enn að skoða málið en þá var tekin ákvörðun í samstarfi við SASS um að það teldist næg þátttaka til þess að setja verkefnið af stað. Niðurstaðan varð að Skjálftinn yrði haldinn 9.-11. nóvember, tvær undankeppnir og eitt úrslitakvöld. Því miður þá helltust nokkrir skólar úr lestinni frá þessum tímapunkti, ýmist um vorið eða á haustmánuðum og niðurstaðan var að 7 skólar kláruðu ferlið og sýndu atriði sín 11. nóvember, en vegna þess að skólarnir urðu ekki fleiri þá var nóg að halda keppnina á einu kvöldi. Það reyndist vera lán í óláni því frá þeim tímapunkti sem kostnaðaráætlunin var gerð fyrir styrkumsóknirnar og fram að framkvæmd þá höfðu öll verð hækkað mjög mikið og því hefði verkefnið farið í mínus ef kvöldin hefðu orðið þrjú.




# UNDIRBÚNINGUR



Skólustjórnendum var boðin kynning á verkefninu bæði um vorið og haustið og leiðbeinendur fengu námskeið sem haldið var í byrjun september á Selfossi. Þar voru leiðbeinendur leiddir í gegnum sköpunarferli, eitt af mörgum sem koma til greina í þeirri vinnu sem framundan var hjá með nemendum. Leiklistarkonan Auður Bergdís leiddi vinnuna. Í lok námskeiðs voru umræður þar sem leiðbeinendum gafst kostur á að spyrja verkefnastjóra Skjálftans spurninga, ræða saman og deila hugmyndum. Umræðuhópur með öllum leiðbeinendum var búinn til á Facebook þar sem virk samskipti voru og einnig gátu leiðbeinendur sent verkefnastjóra spurningar í gegnum hvaða miðil sem er eða hringt og voru samskipti góð og skilvirk.

Verkefnastjóri bauð fulltrúum nemenda úr öllum liðum á fund þar sem þau gátu spurt spurninga og komið sínum sjónarmiðum á framfæri og haft áhrif. Þannig var til dæmis ákveðið úr frá þeirra hugmynd að halda party fyrir alla þátttakendur að keppni lokinni og að bæta við skjá sem möguleika í atriðum þeirra, en eins og þau bentu réttilega á þá er búið að opna fyrir þann möguleika í Skrekk, sem Skjálftinn byggir alfarið á. Skjálftinn er lýðræðislegt verkefni og mikil áhersla lögð á að þátttakendur hafi rödd í öllu sem viðkemur framkvæmdinni. Þátttakendur og aðrir höfðu einnig beinan aðgang að verkefnastjóra í gegnum instagram reikning Skjálftans þar sem þau voru dugleg að spyrja spurninga ef eitthvað var óljóst.





# UMGJÖRÐIN

Sem fyrr þá var keppnin haldin í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn og Grunnskólinn í Þorlákshöfn var nýttur sem baksviðsaðstaða og íverustaður þátttakendanna yfir daginn. Verkefnastjóri fékk tilboð í tækni- og sviðsbúnað frá tveimur af þeim fjórum aðilum sem hún sendi og óskaði eftir tilboðum. Tilboðin hljómuðu upp á tæpar 6 milj. og tæpar 4 milj. og var lægra tilboði tekið. Eins og áður hefur komið fram þá er þetta stærsti bitinn í kostnaði við verkefnið en að sama skapi nauðsynlegur þar sem það skiptir miklu máli að ungmenni á Suðurlandi upplifi ekki að þau séu að fá verri og ódýrari eða "sveitó" útgáfu af Skrekk sem þau fylgjast öll með í sjónvarpinu. Fjöldi tæknimanna jókst frá því sem gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun, en tveir til viðbótar voru ráðnir, einn sem sá um mónitor mix og aðstoðaði sviðsstjóra við skiptingar og annar sem hafði umsjón með efni sem birtist á skjánum, en skjár bættist við að ósk þátttakenda eins og lýst var hér að ofan. Aðrir tæknimenn voru sviðsstjóri, hljóðmaður (FOH) og ljósamaður. Allir tæknimenn unnu samhliða nemendum sem höfðu það hlutverk í sínum liðum að sjá um tæknimálin. Efnt var til samkeppni um hönnun á baksviðspassa og var það Þorgeður Kolbrá sem átti þá tillögu sem var valin af nemendum í könnun sem var send út.





# MARKAÐSSETNING

Markaðsmálin voru í höndum verkefnastjóra sem sá sjálf um hönnun og efnisgerð fyrir auglýsingar, heimasíðu, samfélagsmiðla og annað sem þurfti að "græja". Skjálftinn er á Facebook, Instagram og á heimasíðunni skjalfinn.is, þar sem er meðal annars fréttaveita og mikilvægur upplýsingamiðill. RÚV var samstarfsaðili og tók upp keppnina til þess að setja á ungruv.is. Að þessu sinni var þeirra vinnuframlag mun minna en þegar keppnin var tekin upp árið 2021, í covid. Nú var RÚV með eina vél sem tók vítt skot á sviðið í stað margra véla sem klipptar voru svo saman. Það eru kostir og gallar, á sínum tíma var klipping atriðina gagnrýnd harðlega af aðstandendum atriðanna þar sem mikilvægir hlutar atriðanna sáust ekki því þeir voru klipptir út. Það gerist ekki þegar tekið er vítt skot af sviðinu allan tíman en í staðin eru engar nærmyndir af atriðunum. Sendar voru út fréttatilkynningar á svæðismiðla á þremur tímamörkum, snemma um haustið til að segja fréttir af því að Skjálftinn yrði haldinn, í aðdraganda keppninnar og að keppni lokinni þá voru birtar myndir og greint frá úrslitum. Í öllum tilfellum var minnst á SASS og sveitarfélagið Ölfus og lógóin þeirra voru með í flest öllu kynningarefni. Einnig birti RÚV fréttir af úrslitum Skjálftans. Instagram síðan var mjög virk vikurnar á undan Skjálftanum og í kjölfar keppninnar og er það greinilega sá vettvangur sem best er að ná til aldurshóps þátttakendanna. Liðunum gafst kostur á að "taka yfir" instagram Skjálftans í sólarhring og nýttu þau sér það flest og gátu þar kynnt liðin sín og verið með almenn skemmtilegheit. Myndir tók Sunna Ben.



# KEPPNIN



Uppsetning fór fram föstudaginn 10. nóvember, frá morgni og fram á nótt og hófust tæknirennslin stundvíslega kl. 9 laugardaginn 11. nóvember. Þá kom hver skóli á eftir öðrum og fékk eina klukkustund til þess að renna atriðunum sínum á sviði með tæknimönnum, sem hjálpuðu til við að hanna lýsinguna eftir þeirra hugmyndum og koma videoum og glærum á rétta staði. Þetta er tímafrek vinna og ein klukkustund algjört lágmark.

Kl. 20 hófst keppnin sjálf og voru tæplega 500 áhorfendur í sal, um 400 nemendur frá þáttökuskólum og íbúar í Þorlákshöfn fylltu í tómu sætin. Kynnar voru þau Sírý Fjóra og Matti sem eru ungt listafólk með tengingu við Suðurland og stóðu þau sig mjög vel. Dómarar voru einnig með tengingar við Suðurland, listafólkið Júlí Heiðar, Þórdís Björk og Ásrún Guðjóns.

Hluti af undirbúningsferlinu er að velja Skjálftalagið og er það gert í tveimur atrennum. Fyrst fá allir nemendur í unglíngadeild þáttökuskólanna að tilnefna sín uppáhalds íslensku lög í gegnum könnunarform. Verkefnastjóri tók þær tilnefningar sem oftast voru nefndar og sendi aftur til nemenda sem kusu á milli. Niðurstaðan að þessu sinni var lagið Skína með söngvaranum Patrik eða Prettyboitjökkó eins og hann er kallaður. Hann kom á svið ásamt DJ eftir að öll liðin voru búin að koma fram og spilaði ekki aðeins Skína heldur 5 önnur lög og allir áhorfendur og keppendur dönsuðu og sungu með. Dómnefndin vann úr sínum gögnum á meðan og urðu úrslitin þau að Grunnskólinn í Þorlákshöfn lenti í 3. sæti, Vallaskóli í 2. sæti og Grunnskólinn í Hveragerði í 1. sæti







# KOSTNAÐUR

Kostnaður verkefnisins var 12.039.324 kr. og skiptist hann á eftirfarandi hátt: Tækni- og sviðsbúnaður, uppsetning og flutningur 3.914.871 kr., launakostnaður (tæknimenn, dómnefnd, tónlistaratriði, verkefnastjórn, kynnar, gæsla og fleira) 3.608.540 kr., markaðskostnaður 805.538 kr., leiga á húsi, sem var jafnframt framlag Ölfuss 604.800 kr. veitingar 58.880 kr., verðlaunagripir 56.695 kr. og annar kostnaður 30.000 kr.

Sem fyrr segir þá var SASS stærsti fjármögnunaraðilinn, með 8 milljónir sem skiptust í þrennt, 3 milj. sem áhersluverkefni 2022, 4 milj. sem áhersluverkefni 2023 og 1 millj. úr uppbyggingarsjóði. Sveitarfélagið Ölfus styrkti verkefnið sem nemur húsaleigu fyrir viðburðinn 604.800 kr. Hver þátttökuskóli greiddi 100.000 kr. þátttökugjald og sáu einnig um launakostnað leiðbeinanda og ferðalög þátttakenda en áætlaður kostnaður skólanna er samtals 2.960.000 kr. og er í beinu samhengi við fjölda þeirra.

Kostnaðaráætlun gerði einnig ráð fyrir aðgangseyri en ég mat það sem svo að það þurfti átak til að fá áhorfendur til að koma þar sem engi vissi nákvæmlega hvað þau voru að fara úti. Áhorfendur skemmtu sér konunglega ef marka má viðbrögð þeirra sem svöruðu óformlegri könnun á instagram síðu Skjálftans svo vonandi verður minni áreynsla að fá áhorfendur til að mæta ef það tekst að endurtaka verkefnið og þá má reikna með því að hægt verði að rukka inn um 1000 kr. í miðaverð, en mikilvægt er að miðaverðið sé ekki hindrun fyrir neinn.

Niðurstaðan þetta árið er að verkefnið skilaði hagnaði að upphæð 225.476 kr.







## „PETTA VAR ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN! PETTA VAR SVO GAMAN OG ÉG MYNDI GERA ALLT TIL ÞESS AÐ TAKA ÞÁTT AFTUR Í SKJÁLFTANUM!”

Þátttakendur og leiðbeinendur fengu senda viðhorfskannanir að loknum Skjálfta 2023. Þar mátti sjá afgerandi mikla ánægju og mörg svörin sýndu fram á það hversu mikið þátttaka í Skjálftanum getur gert fyrir sjálfstraust, vináttu, trú á eigin getu og skólabraginn hjá þátttökuskólum.

Um 70% nemenda sem tóku þátt svöruðu könnuninni og 84% þeirra myndu vilja taka þátt aftur í Skjálftanum. Í viðhorfskönnuninni voru nokkrar opnar spurningar og á þessari síðu og næstu eru dæmi um algengustu svörin.

### HVERNIG VAR ÞÍN UPPLIFUN AF ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í SKJÁLFTANUM?

„Það var alveg mergjað, ég myndi alveg vilja gera þetta alveg 100x aftur!!”

„Mér fannst það mjög gaman. Það jók sjálfstraustið mitt. Þetta er góð byrjun á að læra að leika í leikriti.”

„Þetta var svo gaman skil ekki afh ég fór ekki fyrsta árið mitt á unglingsáæild en ég ætla 100% að keppa á næsta ári.”



„Mjög spennandi og gaman en samt mjög stressandi en gaman að prufa eitthvað nýtt”

„Svo skemmtilegt hef aldrei gert neitt skemmtilegra í lífi minú”

„Þetta var ógleymanleg upplifun! Þetta var svo gaman og ég myndi gera allt til þess að taka þátt aftur í skjálftanum!”

„Þetta var svo gaman og eg eignaðist svo margar nýjar vinkonur”



## HVERNIG UPPLIFÐIR ÞÚ ÆFINGARFERLIÐ?

„Stressandi og mjög skemmtileg og **glöð að við gáfumst ekki upp** og ég náði að kynnast yngri stelpunum meira”

„Mér fannst það mjög skemmtilegt þrátt fyrir langar æfingar, **kynntist fullt af folki sem ég hefði aður ekki talað við** og bara sköpunin var skemmtileg”



„Æfingarferlið var skemmtilegt en **það komu nokkra hindranir en við leistum bara úr því**”

„Erfitt og skemmtilegt, stressandi en svo worth it”

„**Það var mjög erfitt first en svo skemmtilegt**”

„Æfinga ferlið gekk vel þetta var frekar erfitt fyrst en svo var þetta bara fínt”

„Mjög mikil vinna er gaman þegar maður er komin með mikið af hugmyndum”

## GRÆDDIR ÞÚ EITTHVAÐ PERSÓNULEGA Á ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT? EF SVO, GETUR ÞÚ LÝST ÞVÍ?

„**Já ég fékk meira sjálfstraust og þor**”

„Mér finnst núna auðveldara að tjá mig”

„**Já ég eignaðist mjög góðar nýjar vinkonur og ég hló svo mikið og var hamingjusöm allan tímann**”

„Já, ég lærði mikið um framkomu og hvernig maður getur komið skilaboðum á framfæri”

„**Já græddi hamingju**”



„Já ég steig fram á sviði sem ég hélt að ég myndi aldrei þora”

„**Já! Eg eignaðist fullt af vinum og vináttan í skjálftanum er alveg ótrúleg!**”

„Ég varð meira opin fyrir hugmyndum og þorði að tjá mig almennilega”

## HVERNIG UPPLIFÐIR ÞÚ ÆFINGARFERLIÐ?

„Æðislega vel flott ljós og tonlist sem gerði atriðið flottara”

„**Myndi óska þess að geta verið þarna aftur og upplifa þetta aftur**♥”

„Það var svo stressandi en mjög gaman!”

„**Fullkomið!! Upplifun sem eg mun aldrei gleyma**”





## „VINÁTTAN SEM SKAPAST OG VERKVITIÐ SEM ÞÁTTAKENDUR GRÆÐA Á ÞESSU ER ÓMETANLEGT!”

Kennarar nemendanna fengu einnig viðhorfskönnun að lokinni keppni og hér má sjá svör þeirra 6 sem skiluðu svörum við spurningunni:


TELUR ÞÚ AÐ ÞETTA VERKEFNI HAFI ÁHRIF Á NEMENDUR OG EF SVO GETUR ÞÚ LÝST ÞVÍ

„Mér finnst þetta verkefni **efla sjálfstraust** nemenda og skilja eftir sig **vináttu** hjá krökkum sem þekktust lítið eða ekkert fyrir. Mikið af nemendum sem voru að **stíga mjög langt út fyrir þægindarammann.**”

„Ekki spurning. **Eflir þau og styrkir á allan máta!**”

„Já ég tel þetta **uppbyggilegt verkefni** fyrir krakkana. Þau **læra samvinnu** og að vinna með hugmyndir annarra, taka höfnun ef þeirra hugmyndir eru ekki valdar og **segja sínar skoðanir**. Þau fá **ábyrgðarhlutverk** og þurfa að sinna sínum verkefnum svo að allt gangi upp. Einnig gengu mínir keppendur í gegnum tæknilega örðuleikia og tel ég þau hafa lært mikið af því. Þau stóðu af sér biðina og heldu áfram með atriðið og **tókust á við ótta sinn** og stigu strax aftur á svið með atriðið sem sýnir mikið **hugrekki.**”

„**Samvinna, liðsheild, sjálfstraust, samskipti**”



„Þetta **eflir hópinn, opnar fjölbreyttar umræður** og **eflir þau** í sviðsframkomu, tjáningu og sköpun”

„Ég persónulega hef fengið póst frá **foreldrum** flestra stúlkanna sem tóku þátt hjá mér að **lýsa ánægju sinni** á þessu öllu saman. Dætur þeirra voru hæst ánægðar með þetta allt saman og **komu heim eftir keppnina svífandi!** Vináttan sem skapast og verkvitið sem þáttakendur græða á þessu er **ómetanlegt!**”





# ER FRAMTÍÐ SKJÁLFTANS?

Eins og sést svo vel í svörum bæði þátttakenda og kennara hér að ofan þá er Skjálftinn svo miklu meira en hæfileikakeppni. Það er þroskandi, eflandi, sjálfstyrkjandi ferli sem getur stuðlar að vellíðan þátttakenda, eftt jákvæðan skólabrag og búið til öflugt samstarf á milli sunnlenskra grunnskóla og þar með búið til tengingar á milli sunnlenskra ungmenna.

Skjálftinn er skapandi listrænt ferli sem krefst þess að þátttakendur nýti gagnrýna hugsun, málamiðlanir og samtal í gegnum náð samstarf og gefur þeim rödd fyrir sín hugðarefni. Skjálftinn býr til tækifæri fyrir sunnlensk ungmenni að finna og rækta styrkleika sína og mögulega finna þá fjöl sem þau vilja stefna á að vera á í framtíðinni.

Skjálftinn er jarðvegur þar sem fræ eru sáð fyrir menningarlíf á Suðurlandi til framtíðar, hann er líka blómstrandi nútíma ungmenni, sem mörg eru á sviði í fyrsta sinn, að flytja list fyrir skólasystkini og jafnaldra af öllu Suðurlandi.



Áskorunin sem Skjálftinn stendur frammi fyrir er fjármögnun. Í Reykjavík er Skrekkur rekinn af Reykjavíkurborg sem fjármagnar hann að fullu. Skjálftinn er verkefni þvert á fjölmörg sveitarfélög sem eru misstór, sum með einn lítinn sveitarskóla og önnur nokkra fjölmenna skóla þar sem unglíngadeildin ein og sér er mörgum sinnum stærri en minnstu skólarnir. En það fallega við Skjálftann er að það hann gengur fyrir allar skólastærðir því atriðin geta verið flutt af 1-35 nemendum. Það er nauðsynlegt að Skjálftinn verði ár eftir ár, því það skiptir öllu máli að ungmennin þekki verkefnið, treysti ferlinu og muni hvað það var gaman og gefandi á milli ára.



Tækifærin eru fjölmörg þegar kemur að Skjálftanum. Það er vissulega markmið að ná fleiri skólum inn sem þátttakendum og nánast undantekningalaust hafa skólastjórnendur áhuga á að vera með, líka þeir sem ekki náðu að vera með í ár. Verkefnastjóri hefur einnig hitt unglinga sem eru í skólum sem ekki tóku þátt og fékk að heyra að þau væru búin að biðja sinn skóla um að fá að vera með, eðlilega! Nemendur eiga líka að hafa rödd og þau sjá það sem er hið augljósa að það eiga öll ungmenni að fá sömu tækifæri, hvort sem þau búa í höfuðborginni eða út á landi. Skrekkur er löngu búinn að sanna sig sem fyrirmyndar verkefni sem önnur sveitarfélög á landinu verða að fara að horfa á sem tæki til þess að efla ungmenni, gefa þeim fleiri tækifæri og mögulega auka þannig vellíðan og styrkja skólabrag. Undirrituð gaf út handbók um innleiðingu á Skrekk sem hefur þegar komið að góðum notum en Fiðringurinn á Norðurlandi er nú búinn að fara fram í tvígang svo tækifærum er smám saman að fjölga fyrir ungmenni á landsbyggðinni.



Skjálftinn getur þróast og undirrituð sér tækifæri til að nýta hann ennfrekar í að kynna tæknistörf og önnur störf sem eru á bakvið tjöldin. Þá væri hægt að fara í samstarf við Skrekk og Fiðring um að búa til fræðsluefni til þess að setja á netið, myndbönd og verkefni sem nýtast þvert á þessi verkefni og gætu verið spennandi leið til að auka meðvitund ungs fólks á þessum fjölmörgu störfum og styðja einnig við sköpunarferlið þegar atriðið er að þróast. Þá þarf nauðsynlega að skoða leiðir til að fjölga strákum sem taka þátt en þeim hefur farið fækkandi í Skrekk og eru í talsverðum minnihluta í Skjálftanum. Verkefnið er sannarlega spennandi og vonast ég til þess að SASS haldi áfram að vinna að hag þess og þar með sunnlenskra ungmenna, í að finna leiðir til að fjármagna það, enda er SASS eini samnefnari allra þeirra ungmenna sem verkefnið snýst um.



# ÞÁTTTAKENDUR Í SKJÁLFTANUM 2023



GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI - 1. SÆTI



VALLASKÓLI- 2. SÆTI





GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN - 3. SÆTI



GRUNNSKÓLINN Í VESTMANNEYJUM



REYKHOLTSSKÓLI



BLÁSKÓGASKÓLI LAUGARVATNI



## SUNNULÆKJARSKÓLI

---

## ÁHUGAVERÐIR TENGLAR

[Upptökur frá Skjálftanum 2023](#)

[Heimasíðan skjalftinn.is](https://skjalftinn.is)

[Instagram Skjálftans](#)

[Facebook síða Skjálftans](#)

[Rannsókn Jónu Guðrúnar Jónsdóttur um](#)

[ávinning nemanda af þátttöku í Skrekki](#)

[Handbók um innleiðingu á hæfileikakeppni í](#)

[anda Skrekks \(Meistaraverkefni mitt í](#)

[Menningastjórnun frá Háskólanum á Bifröst\)](#)

---

Allar myndir eru teknar á Skjálftanum 2023

Ljósmyndari er Sunna Ben

---

Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Hugmyndasmiðjur og Skjálftagerðarkona

asaberglind@gmail.com

skjalftinn.is - [Instagram](#) og [Facebook](#)



Baksviðspassinn 2023

Hönnuður: Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir

9. bekk í Grunnskólanum í Þorlákshöfn